











## Fella- og fjallgönguverkefnið: „Sveitin mín“

Fell eða fjall	Bílastæði	Staðsetning á póstkassa	Gönguleið
 <p data-bbox="199 687 642 719">Litli-Reyðarbarmur við Kringlumýri</p>	<p data-bbox="680 419 1057 683">Ekið er upp Bragarbót, á mótis við afleggjarann að Kringlumýri, bílnum lagt við suðurenda fellsins, þar sem voru malarnámur. Einnig hægt að fara upp nær miðju fellsins.</p>	<p data-bbox="1079 419 1431 491">Fyrir miðju fellsins, í vestur kanti þess.</p>	
 <p data-bbox="199 1075 542 1107">Arnarfell við Þingvallavatn</p>	<p data-bbox="680 780 1057 1011">Göngustígurinn byrjar vestan við Þjóðgarðsskiltið sem stendur austan megin við Þingvallavatnið. Þar er útskot þar sem hægt er að leggja bíl.</p>	<p data-bbox="1079 780 1431 932">Gengið er upp öxlina norðan megin í fellinu og er kassinn staðsettur þar uppi.</p>	

Fell eða fjall	Bílastæði	Staðsetning á póstkassa	Gönguleið
	<p>Ekið er upp Bláfellshálsinn, sem er malarvegur en öllum fær. Beygt er inn á veginn inn að Skálpanesi og keyrt framhjá aðstöðuhúsunum sunnanvið Geldingafellið, 1.1 km norðar er bílastæði.</p>	<p>Gengið er fyrst upp lítið dalverpi en einnig má fylgja öxlinni vestan við það. Kassinn er staðsettur við vörðu á austurkanti fellsins með útsýni yfir Hvítárvatnið og miðhálandið.</p>	
<p>Geldingafell á Bláfellshálsi</p>			
	<p>250 m sunnan við afleggarann að lðu er ekið er inn á gamlan malarveg. Þar er bílastæði. Farið yfir girðingu á prílu og gengið suðvestur upp Gildruskarðið.</p>	<p>Gengið er norðaustur frá vörðunni sem er efst í skarðinu og er kassinn staðsettur við aðra vörðu á norðaustur horni fellsins. Þar er fallett útsýni yfir Laugarás og uppsveitirnar.</p>	
<p>Vörðufell</p>			
	<p>Ekið í vestur frá Laugarvatni, gamla malarveginn (Gjábakkaveg), upp í Helgadal (djúpt gil með krappri beygju), og lagt þar sem skíðalyftan var. Einnig er hægt að fara upp stikaða leið sem byrjar þar sem keyrt er inn á Gjábakkavegin niður við hringtorgið sunnan við Laugarvatn.</p>	<p>Kassinn er við vörðu á austurkanti fjallsins með fallett útsýni yfir Laugarvatnið og sveitina í kringum. Ef farið er upp frá Helgadal þá er komið inn á stikuðu leiðina ofarlega í fjallinu og hún leiðir ykkur alla leið upp á hól með vörðu og kassanum með gestabókinni.</p>	
<p>Laugarvatnsfjall</p>			